

Ed.

491. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um, hvað unnt er að gera til að fá bætur frá Þjóðverjum fyrir hernaðarspjöll á Íslandi.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að bera fram kröfur á hendur Þjóðverjum fyrir hernaðarspjöll á Íslandi?

G re i n a r g e r ð.

Þjóðverjar hafa sökkt og laskað að minnsta kosti sex íslenzk skip á undan-gengnum styrjaldartíma og gerzt valdir að miklu manntjóni. Þar sem Íslendingar voru hlutlaus þjóð, var hér um óafsakanlegt og bótaskylt athæfi að ræða. Þykir eðlilegt, að bornar verði fram á hendur Þjóðverjum kröfur um réttmætar skaðabætur, og verður að teljast sennilegt, að ríkisstjórnin geti nú þegar skýrt frá að gerðum í þessu máli.